



Pungunarrof með lyfjum heima

Hægt er að rjúfa þungun með lyfjameðferð. Ef meðgöngulengd er staðfest fimm til níu vikur er hægt að framkvæma meðferðina heima. Hefja má lyfjameðferð þegar búið er að staðfesta lengd meðgöngu með ómskoðun. Skilyrði fyrir þungunarrofi heima er að einhver fullorðinn sé hjá þér á þriðja degi meðferðar. Þú þarft að komast innan 60 mínútna á Landspítala ef eitthvað kemur upp á þann dag. Ef það er ekki mögulegt er hægt að dvelja á deild en þann tíma þarf að bóka sérstaklega.

Lýsing á meðferð

Meðferðin fer fram í tveimur áföngum og tekur alls þrjá daga.

1. dagur: _____

Fyrra lyfið, mifepriston (Mifegyn) 200 mg er tekið inn um munn hjá hjúkrunarfræðingi á móttökudeild kvenlækningadeildar. Lyfið eykur næmi fyrir misoprostol (Cytotec) sem tekið er á þriðja degi meðferðar. Afhentar eru fjórar töflur af lyfinu Cytotec sem á að nota á þriðja degi.

2. dagur: _____

Daginn eftir töku lyfsins getur borið á ógleði, verkjum og blæðingar geta hafist. Ráðlagt er að taka verkjalyf eftir þörfum. Óhætt er að fara í vinnu og skóla.

3. dagur: _____

Klukkan 07:00 eru settar settar fjórar töflur af lyfinu misoprostol (Cytotec) eins hátt upp í leggöng og hægt er. Töflurnar valda samdráttum í legi og mýkja leghálsinn. Það veldur verkjum og kemur af stað blæðingu. Á sama tíma eru tekin verkjalyfin ibuprofen 400 mg og parasetamol 1 g ef ekki er ofnæmi eða aðrar frábendingar fyrir notkun. Helstu aukaverkanir lyfjameðferðar eru veikindatilfinning, vægur hiti (minni en 38°C), ógleði og niðurgangur. Aukaverkanir ganga oftast yfir á 12 klukkustundum.

Verkjastilling

- Á 3. degi er mælt með að taka íbúprófen 400 mg og parasetamól 1000 mg á sex klukkustunda fresti til verkjastillingar ef ekki er frábending fyrir notkun.
- Hægt er að nota heita bakstra á kvið.
- Gott er að rölta um 2-3 sinnum á klukkustund og drekka að minnsta kosti einn lítra af vökva yfir daginn.

Blæðing

- Blæðing ætti að hefjast eftir 3–4 klukkustundir.
- Blæðing er einstaklingsbundin en eðlilegt er að fá ríkulega blæðingu með blóðköggjum (blóðlifrum).

Eftirfylgd á meðferðardegi

Velkomið er að hringja í hjúkrunarfræðing í síma 825 3739 á meðan meðferð stendur ef þú ert með spurningar eða þarft ráðleggingar. Ef ekkert eða lítið hefur blætt 5-6 klukkustundum frá lyfjagjöf er tveimur misoprostol töflum bætt við. Þær þarf að sækja á móttökudeild kvenlækninga á Landspítala við Hringbraut.

Ástæða er til að hringja á deild ef:

- Það blæðir þannig að stórt bindi fyllist (næturbindi eða sambærilegt) á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Nýrra verkja í kvið verður vart.
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja.
- Hiti er yfir 38°C.

Fyrstu vikurnar

- Meðan blæðing er í hámarki er ráðlagt að vera heima, yfirleitt fyrsta sólarhringinn.
- Mælt er með sturtu en ekki baði, sundi eða heitum pottum meðan blæðir.
- Það er eðlilegt að blæði í allt að 2-3 vikur eftir lyfjameðferð. Næstu eðlilegu tíðablæðingar ættu að hefjast eftir 4-6 vikur og geta þær orðið ríkulegri en vanalega.
- Forðast þarf samfarir meðan blæðir.
- Eingöngu má nota bindi á meðan blæðing varir en hvorki túrtappa né álfabikar.
- Vægir túrverkir eru algengir fyrstu 1-2 vikurnar eftir lyfjameðferð.
- Það er í lagi að fara í vinnu eða skóla daginn eftir meðferð.

Eftirfylgd fimm vikum eftir meðferð

Fimm vikum eftir meðferðina er nauðsynlegt að taka þungunarpróf og fylla út spurningalistann sem þú hefur fengið með þér heim.

- a. Ef öllum atriðum er svarað játandi er ekki þörf á frekari eftirfylgd.
- b. Ef einhverjum atriðum spurningalistans er svarað neitandi hefur þú samband í síma 543 3224 á virkum degi kl. 08:00-16:00 og færð samtal við hjúkrunarfræðing.

Getnaðarvarnir eftir meðferð

- Egglos kemur fljótlega eftir lyfjameðferð, fyrir næstu blæðingar. Til að forðast þungun þarf að hafa getnaðarvarnir tiltækar þegar kynlíf hefst á ný.
- Ef nota á getnaðarvarnartöflur má byrja töku þeirra samdægurs eða daginn eftir meðferðina. Það sama á við um notkun getnaðarvarnarhrings.
- Ef nota á lykkju eftir meðferðina er í fyrsta lagi hægt að setja hana upp viku eftir meðferð eða eftir næstu blæðingar.
- Læknir sendir lyfseðil fyrir getnaðarvörnum í Lyfjagátt.

Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga kl. 08:00-16:00, sími 543 3224. Ef erindið getur ekki beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við símavakt bráðþjónustu kvennadeilda. Ef um brátt ástand er að ræða er haft samband við 112.